

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1434**  
**komudagur 4.4.2014**

Reykjavík, 30. mars, 2014

Utanríkismálanefnd Alþingis

**Umsögn um eftirfarandi þingmál frá Sjálfstæðum Evrópumönnum:**

**340. mál þingsályktunartillaga 143. löggjafarþingi 2013—2014**

**344. mál þingsályktunartillaga 143. löggjafarþingi 2013—2014**

**352. mál þingsályktunartillaga 143. löggjafarþingi 2013—2014.**

Í umsögninni verður fjallað um málið almennt og umsögnin má skoðast sem sameiginleg umsögn um málin þrjú.

Tillaga utanríkisráðherra gerir ráð fyrir því að aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verðið dregin til baka, en viðræðum hefur sem kunnugt er þegar verið hætt og samninganefndir Íslands í málinu verið leystar upp.

**Tilgangur með tillögunni**

Ljóst er að með tillögunni er aðeins einn tilgangur, þ.e. sá að brenna að baki sér alla möguleika Íslands að taka upp að nýju aðildarviðræður við Evrópusambandið nema að undangengnu nýju umsóknarferli. Síðast tók það hátt í ár frá því að Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um að leggja fram umsókn þar til Ísland var formlega samþykkt sem umsóknarríki. Jafnframt hefur mikil vinna verið lögð í að komast að niðurstöðu í fjölmörgum samningsköflum og í flestum hinna lá samningsafstaða fyrir.

Sú ákvörðun utanríkisráðherra að leysa upp samninganefndirnar hefur þegar kostað Ísland mikla fjármuni í formi styrkja til margra þarfra verkefna. Ljóst er að verkefnin voru unnin með vilja Íslendinga sem sóttu um styrkina og vildu bæta ýmsa þætti í íslenskri stjórnsýslu. Sumum þessum verkefnum hefur verið haldið áfram á kostnað Íslendinga eða með öðrum styrkjum.

Mikil vinna hefur farið í þann hluta samningaviðræðna sem þegar er lokið og Íslendingar aflað sér þekkingar á ýmsum málum sem að samningaferlinu snúa. Eftir því sem ferlið tefst lengur er hætt við að sú þekking fyrnist.

**Skýr loforð stjórnámálanna fyrir kosningar**

Allt ber að sama bruni. Með því að samþykkja tillöguna væru þingmenn að fremja mikið skemmdarverk. Með því gengju þeir gegn skýrum kosningaloforðum um að vísa málinu til þjóðarinnar.

Illugi Gunnarsson, núverandi mennta- og menningarmálaráðherra, sagði til dæmis í *Silfri Egils* þann 10. mars 2013: „Ég er sammála því að það verði stöðvaðar þessar viðræður, að það verði ekki farið í það sem kallað er hægja á eða gera hlé, sem er auðvitað ekkert annað en að

halda áfram en bara gera það hægar, og síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þjóðin fái að segja sinn hug í því hvort hún vilji klára þetta eða ekki. Ef það er þannig að þjóðin segi já við því þá eru allir menn og allir flokkar bundnir af þeirri niðurstöðu.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins og núverandi innanríkisráðherra, sagði í *Silfri Egils* þann 17. mars 2013: „Fyrst og síðast snýst þetta um það að Sjálfstæðisflokkurinn telur hagsmunum sinnar þjóðar ekki vera best borgið innan Evrópusambandsins. Við erum hins vegar þeirra skoðunar að vilji þjóðin það á einhverjum tímavarki þá ber okkur að fara í þjóðaratkvæði og niðurstaðan af því, við munum virða hana.“ Sú þjóðaratkvæðagreiðsla myndi fara fram á kjörtímabilinu. Ennfremur sagði Hanna Birna: „Að sjálfsögðu mun Sjálfstæðisflokkurinn standa við það að þjóðin fær að ákveða það hvort það verði gengið lengra í þessu máli. Það er þjóðarinnar en ekki einstakra stjórnmalamanna.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði í kosningasjónvarpi *RÚV* síðastliðið vor mestu máli skipta að þjóðin fengi að greiða atkvæði um hvort viðræðum yrði haldið áfram:

„Það sem mér þykir mestu máli skipta er að þjóðin fái að greiða um það atkvæði hvort þessu verði haldið áfram eða ekki. Og ég treysti þjóðinni til þess að taka upplýsta ákvörðun. Vegna þess hversu mikið ágreiningsmál þetta er, milli flokka, milli þjóðarinnar, milli landsbyggðar og höfuðborgar, þetta fer í gegn um fjölskyldur, eina leiðin til að komast að niðurstöðu um það hvert skuli halda núna, er að spyrja þjóðina.“

### **Fyrri ummæli um málið**

Minna má á eldri ummæli þekktra stjórnmalamanna um þetta mál, en margir málsmetandi menn hafa um það fjallað.

Björn Bjarnason, sem þá sat í utanríkismálanefnd Alþingis og varð síðar formaður hennar, sagði í grein í *Morgunblaðinu* árið 1991:

„Við erum þegar farin að sjá til þess hóps manna, sem þykist betur í stakk búinn en aðrir til að segja afdráttarlaust fyrir um það, að íslenska þjóðin glati sjálfstæði sínu, menningu og tungu með frekara samstarfi við aðrar þjóðir, einkum Evrópuþjóðirnar. Þeir sem þannig tala hafa þann sið að gera sem minnst úr málefnalegum rökum viðmælenda sinna og láta eins og þau hnígi öll að því að þurrka íslensku þjóðina út úr samfélagi þjóðanna. Hræðsluáróður af þessu tagi er alls ekki nýr í íslenskum stjórnálaumræðum. Kommúnistar héldu honum á loft um árabíl í umræðum um varnir þjóðarinnar.“

Björn segir síðar í greininni: „Þótt menn hafi ekki komist til botns í máli og geri ekki mikið meira en gára á því yfirborðið, stofna þeir samtök gegn málefningunni. Er það til marks um einlægan vilja til málefnalegra umræðna?“ Greinin nefnist *Samtök gegn ógerðum samningi* og birtist 11. júlí 1991 í *Morgunblaðinu*.

Bjarni Benediktsson núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sagði í viðtali við *Fréttablaðið* í mars 2009:

„Þar erum við komin að einu grundvallarviðfangsefninu, sem er að auka stöðugleikann. Ég er mjög efins um, að það sé hægt með krónunni til lengri tíma. Til skemmri tíma getur það gagnast okkur, að þegar verðbólga minnkar eykur veikari króna samkeppnishæfni landsins og gefur okkur þann sveigjanleika sem er nauðsynlegur. En til lengri tíma finnst mér ólíklegt, að við getum aukið stöðugleikann með krónunni. Þess vegna hef ég verið talsmaður þess að við tökum afstöðu til Evrópusambandsaðildar á komandi árum. Í pólitísku og peningamálalegu samhengi tel ég engan valkost jafn sterkan eins og evran með ESB-aðild.“

### **Mikilvæg álitamál órædd**

Vitna má í skýrslu Hagfræðistofnunar um samningaviðræðurnar: „Samningsafstaða lá ekki fyrir í fjórum köflum, þ.e. landbúnaðarkafla, sjávarútvegskafla, kafla um frjálsa fjármagnsflutninga og kafla um staðfesturétt og þjónustufrelsi.

Þegar meta á stöðu viðræðnanna er óheppilegt að ekki skyldi auðnast að opna og leggja fram samningsafstöðu varðandi fyrrnefnda fjóra kafla, ekki síst þar sem ljóst var að reyna myndi á ýmis mikilvæg álitamál hvað þá varðar.“

Með því að slíta viðræðunum er komið í veg fyrir að hægt sé að láta reyna á þessi álitamál, sem skipta þjóðina mjög miklu máli. Í samræðum við ýmsa fulltrúa Evrópusambandsins hefur komið fram ríkur vilji til þess að koma til móts við sjónarmið Íslendinga, en slíkur vilji hefur að sjálfsögðu ekki þýðingu nema á hann reyni við samningaborðið.

Því er með tillögunni gengið gegn hagsmunum þjóðarinnar með margvíslegum hætti. Merkilæg vinna sem þegar er lokið fer forgörðum og ekki er leyst úr málum sem skipta þjóðina miklu máli, en má vel ljúka á skemmri tíma en þegar hefur verið varið til viðræðna.

### **Miklir hagsmunir í húfi**

Viðskiptaráð, Alþýðusambandið, Samtök atvinnulífsins og Félaga atvinnurekenda hafa öll lýst því hve mikilvægt sé að ljúka viðræðum og bera samning undir þjóðaratkvæði. Vegna þess að skoðanir hafa verið skiptar í stjórn mála flokkum má taka undir þá skoðun ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem fyrr er lýst um að heppilegt sé að efna skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald umsóknarinnar og virða niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Verðbólga hefur verið miklu meiri á Íslandi en í Evrópusambandsríkjunum, gengi óstöðugra og vaxtakostnaður meiri en þar. Taka verður undir skoðun Bjarna Benediktssonar: „Í pólitísku og peningamálalegu samhengi tel ég engan valkost jafn sterkan eins og evran með ESB-aðild.“ Þessi kostur stendur Íslendingum ekki opinn nema með aðild að Evrópusambandinu eins og Bjarni segir réttilega.

### **Ályktun Sjálfstæðra Evrópumanna 21. febrúar**

Skömmu áður en þingsályktunartillaga utanríkisráðherra var lögð fram á Alþingi samþykkti félagsfundur í Sjálfstæðum Evrópumönnum einróma eftirfarandi ályktun:

*1. Fundurinn minnir á þau óyggjandi loforð formanns flokksins fyrir kosningarnar síðastliðið vor um að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið.*

*2. Fundurinn hvetur alþingismenn til þess að taka ekki úrslitaákvæðanir í máli sem snerta svo viðtæka hagsmuni og framtíð þjóðarinnar fyrir en skýrsla Alþjóðamálastofnunar um áhrif aðildar að Evrópusambandinu fyrir Ísland. Mikilvægt er að Sjálfstæðisflokkurinn verði ekki viðskila við aðila vinnumarkaðarins í þessu stóra máli.*

*3. Telji menn að því þúmu rétt að flytja tillögu til þingsályktunar um að slíta viðræðum við Evrópusambandið fyrir fullt og allt verði gildistaka hennar bundin samþykki þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu.*

Þessi ályktun var send fjölmiðlum og öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Hún á erindi við Utanríkisráðgjafnefnd við afgreiðslu málsins. Afstaðan er skýr: Um framhald málsins ber að viðhafa þjóðaratkvæðagreiðslu í samræmi við kosningaloforð.

Sjálfstæðir Evrópumenn lýsa einnig yfir undrun yfir þeim hroka gagnvart kjósendum sem fram hefur komið í ítrekuðum yfirlýsingum formanns nefndarinnar, þar sem hann hefur gert lítið úr þeim tugþúsundum kjósenda sem hafa fordæmt málsmeðferðina. Skoðanakannanir hafa sýnt að meira en fjórir fimmtu hlutar þjóðarinnar vilja að um framhald málsins verði kosið. Núverandi stjórnarflokkar lýstu afdráttarlaust yfir vilja sínum á beinni aðkomu þjóðarinnar að mikilvægum ákvörðunum á síðasta kjörtímabili. Minna má á tillögu framsóknarmanna um að leggja framhald viðræðna við Evrópusambandið undir þjóðaratkvæði.

### **Málum ekki skrattann á vegginn**

Í skýrslu Aldamótanefndar Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fyrir Landsfund hans árið 1989 var fjallað um Evrópumálin. Þaðan eru lokaorð þessarar umsagnar.

Formaður nefndarinnar og þáverandi borgarstjóri í Reykjavík sagði þá: „Við hljótum að vinna heimavinnuna með þeim hætti að laga eigið efnahagslíf og leikreglur þess að því sem viðgengst á Vesturlöndum. Við getum aldrei aftur lýst því yfir að í þessu landi verði ekki beitt þeim úrræðum, sem best hafa reynst í þessum heimshluta. Við hljótum að setja okkur það mark að aldrei aftur þurfi þessi þjóð að hokra undir handafla ofstjórnar og kreppuhugsunarháttar, miðstýringar og mismununar.“ ...

„Hugsanlega verður þó skynsamlegast að óska beinlínis eftir viðræðum um inngöngu Íslands í Evrópubandalagið, þótt menn séu um leið reiðubúnir að láta inngöngu ráðast af því, hvort þau skilyrði, sem henni kunna að fylgja, þyki aðgengileg eða ekki. Verði sú niðurstaðan, að þau séu óaðgengileg talin, hafa menn heldur engar brýr brotið að baki sér. Og þrátt fyrir allt er líklegt að smæð okkar verði okkur styrkur ásamt með því að við erum að véla við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu og margar hefðbundnar vinnuþjóðir, þar sem við njótum trausts.

Það er því óheppilegt að borið hefur á því, að við séum sjálfir að búa okkur til skilyrði og mála skráttann á vegginn og þar með að veikja okkar eigin samningsstöðu er við mætum með sjálfskapaða annmarka til viðræðna við Evrópubandalagið.

Við megum síst af öllu ganga að þessu viðfangsefni með þrá um forna innilokun og einangrun, alteknir af ótta og kjarkleysi. Við verðum að sýna reisu og styrk og forðast einangrunarþörf og minnimáttarkennd. Til slíkra viðræðna hljótum við að ganga sannfærðir um það að reyna að ná fram hinu besta, en jafnframt tilbúnir til þess að hverfa frá þeirri leiðinni, ef niðurstaðan er ekki þolanleg.“

Virðingarfyllst,

Benedikt Jóhannesson

formaður Sjálfstæðra Evrópumanna

s: 898-7575, [benedikt@talnakonnun.is](mailto:benedikt@talnakonnun.is)